

Miðvikudaginn 20. mars 1991.

Nr. 311/1990

og

nr. 474/1990. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Jónasi James Ásmundssyni**

(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Skjalafals. Þjófnaður.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari hefur með stefnum 10. ágúst 1990 og 17. ágúst 1990 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða, en einnig til þyngingar, tveimur dómum sakadóms Reykjavíkur, en meðákærðu í héraði vildu una héraðsdómum. Dómur í málinu nr. 311/1990 var kveðinn upp 16. júlí 1990, en dómur í málinu nr. 474/1990 var kveðinn upp 29. júní 1990.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Nýtt sakavottorð ákærða hefur verið lagt fyrir Hæstarétt. Þar kemur fram, að hinn 23. janúar 1991 var ákærði dæmdur í 5 mánaða fangelsi vegna auðgunarbrotu.

#### I.

Héraðsdómur 29. júní 1990.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brota til refsí-ákvæða samkvæmt ákæru í þessu máli, að því er ákærða, Jónas James Ásmundsson varðar.

#### II.

Héraðsdómur 16. júlí 1990.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brots til refsí-ákvæðis samkvæmt ákæru í máli þessu, að því er ákærða, Jónas James Ásmundsson varðar.

Héraðsdómari vísaði framkominni skaðabótakröfu frá dómi, og

er hún því eigi til endurskoðunar, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

### III.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjuðu dómum, gefur ferill ákærða til kynna, að hann sé vanaafbrotamaður. Ber að ákveða refsingu með hliðsjón af ákvæðum 71. gr., 72. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 12 mánaða fangelsi.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði segir.

### D ó m s o r ð:

Ákærði, Jónas James Ásmundsson, sæti fangelsi 12 mánuði.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. júní 1990.

Ár 1990, föstudaginn 29. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 331-335/1990: Ákærvaldið gegn A, Jónasi James Ásmundssyni, B, C og D, sem tekið var til dóms 18. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 15. maí sl., á hendur ákærðu, „A, Jónasi James Ásmundssyni, Bárugötu 22, Reykjavík, fæddum 23. júlí 1962, fæðingarnúmer 554, B, C og D, fyrir eftirtalin brot, framin í júlí 1989 í Reykjavík, nema annað sé nefnt:

### II.

Ákærðu A og Jónasi James Ásmundssyni er gefinn að sök þjófnaður, sem hér greinir nánar:

A. Sunnudaginn 23. eða mánudaginn 24. júlí stolið myndavél, aðdráttarlinsu, breiðlinsu, linsufilter og myndavélartösku utan um hlutina, allt af gerðinni Minolta, úr bílskúr við Boðagranda 4.

B. Aðfaranótt mánudagsins 24. júlí stolið CB-talstöð um borð í bátnum Mara, RE 79, í smábátahöfninni við Grandagarð.

C. Í júlí stolið myndavél og ferðaútlarpi um borð í bátnum Guðrúnu Ósk, KÓ, í höfninni í Kópavogi.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

— — —

*Málavextir.*

Ákæra, dagsett 15. maí 1990.

— — —

II.

Ákærðu A og Jónas James Ásmundsson.

A. Sunnudaginn 23. eða mánudaginn 24. júlí 1989 fóru ákærðu A og Jónas James Ásmundsson inn í bílskúr við Boðagranda 4 hér í borg. Tók ákærði A þar ófrjálsri hendi myndavél, aðdráttarlinsu, breiðlinsu, linsufilter og myndavélartösku utan um hlutina, allt af gerðinni Minolta. Ákærði Jónas James var viðstaddur, er þetta gerðist, og horfði á meðákærða taka nefnda hluti. Fóru ákærðu með þýfið að Bárugötu 22, þar sem það fannst við rannsókn málsins.

B. Aðfaranótt 24. júlí 1989 fóru ákærðu í bátinn Mara, RE 79, þar sem hann lá í smábátahöfninni við Grandagarð hér í borg. Stálu þeir þar CB-talstöð og fóru með hana að Bárugötu 22 hér í borg. Komst talstöðin til skila við rannsókn málsins.

C. Í júlí 1989 fóru ákærðu í bátinn Guðrúnu Ósk, KÓ, sem lá í höfninni í Kópavogi, og stálu úr honum myndavél og ferðaútlarpstæki.

Með framangreindu atferli hafa ákærðu í öllum tilvikum gerst sekir um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Ákærði Jónas James hefur sætt refsíðómum sem hér greinir:

[Sjá dóm í sakadómsmálinu nr. 368-370/1990, bls 479 hér á eftir.]

Hinn 12. september 1988 fékk ákærði reynslulausn tvö ár á 120 daga

eftirstöðvum dómanna frá 5. febrúar og 15. júlí 1988. Hóf ákærði afplánun þeirra 15. nóvember 1989 og lauk henni 15. mars sl.

— — —

Refsing ákærða Jónasar James þykir með vísan til 71. gr., 72. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi fjóra mánuði.

— — —

*Sakarkostnaður.*

Dæma ber ákærða A til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 20.000, en annan sakarkostnað greiði ákærði A að helmingi, ákærðu Jónas James og D að 3/8 hlutum hvor um sig og ákærðu B og C hvor um sig að 1/8 hluta.

D ó m s o r ð:

Ákærði A sæti fangelsi níu mánuði.

Ákærði Jónas James Ásmundsson sæti fangelsi fjóra mánuði.

Ákærði D sæti fangelsi fimm mánuði.

Ákærðu B og C sæti hvor um sig fangelsi 45 daga, en fresta skal fullnustu refsingar þeirra og hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærðu hvor um sig almennt skil-orð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

— — —

Ákærði A greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000, en annan sakarkostnað greiði ákærði A að helmingi, ákærðu Jónas James og D að 3/8 hlutum hvor og ákærðu B og C að 1/8 hluta hvor.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. júlí 1990.**

Ár 1990, mánudaginn 16. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 368-370/1990: Ákærvaldið gegn X, Jónasi James Ásmundssyni og Y, sem tekið var til dóms hinn 11. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 22. febrúar 1990, á hendur ákærðu, X, Jónasi James Ásmundssyni, atvinnulausum, Bárugötu 22, Reykjavík, kt. 230762-5549, og Y, „fyrir skjalafals, með því

að hafa, 31. júlí 1989, staðið að því í félagi við Rósu Dröfn Sigurðardóttur, kt. 24.08.5409 (sic), að svíkja tóbaksvörur út hjá afgreiðslu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Borgartúni 7, Reykjavík, að verðmæti kr. 341.413, sem ákærðu greiddu með tékka, sem þeir fengu ofangreinda Rósu Dröfn til að falska og selja fyrir sig í afgreiðslunni, á meðan þeir biðu álangdar og veittu síðan tóbakinu viðtöku. Ákærðu höfðu fyrir um daginn lagt fram pöntun á tóbakinu í nafni Auðuns S. Hinrikssonar vegna söluturnsins Svarta svansins, Laugavegi 118, Reykjavík, og fengu Rósu Dröfn til að falska tékka til ÁTVR, að fjárhæð kr. 341.413, með útgefandanafnrituninni Auðunn S. Hinriksson á eyðublað nr. 2163467 úr tékkhefti frá Breiðholts-útibúi Landsbanka Íslands, sem ákærði Jónas James hafði stolið. Skiptu ákærðu með sér andvirðinu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

#### *Málavextir.*

Í júlímánuði 1989 sammæltust ákærðu um að svíkja tóbaksvörur út hjá afgreiðslu ÁTVR, sem þá var til húsa að Borgartúni 7, Reykjavík. Hafði ákærði Jónas James gert þetta áður, og skýrði hann meðákærðu, X og Y, frá því, hvernig framkvæma mætti verknadinn, en hugmyndin var sú að panta símleiddis ákveðið magn af tóbaki hjá ÁTVR í nafni einhvers söluturns, sækja það síðan og greiða fyrir það með fölsuðum tékka. Lagði Jónas James til verksins eyðublað nr. 2163467 úr tékkhefti frá Breiðholts-útibúi Landsbanka Íslands, sem hann hafði komist yfir skömmu áður. Hinn 31. júlí var áætlun þeirra hrundið í framkvæmd. Ákærðu hringdu þann dag frá útibúi Landsbanka Íslands við Laugaveg 77 og pöntuðu tóbak fyrir krónur 341.413 í nafni Auðuns S. Hinrikssonar vegna söluturnsins Svarta svansins, Laugavegi 118, Reykjavík. Ákærðu fengu síðan Rósu Dröfn Sigurðardóttur, kt. 240867-5409, til að falska framangreindan tékka og framvísa honum til greiðslu á tóbakinu. Átti hún að fá 15.000 krónur fyrir vikið. Ákærðu biðu álangdar, meðan Rósa Dröfn var að greiða fyrir tóbakið, en síðan fór ákærði Y með greiðslukvittunina inn í tóbaksafgreiðsluna og fékk þar afhenta fimm kassa af tóbaki. Ákærði bar tóbakið út til meðákærðu, sem síðan aðstoðuðu hann við að bera það heim til Rósu Drafnar, en hún hafði þá dvalarstað á Skúlagötu. Er þangað var komið, fengu ákærðu bifreiðina H-18 að láni og fluttu tóbakið heim til ákærða Jónasar James. Næstu daga á eftir fóru ákærðu í söluturna og verslanir á höfuðborgarsvæðinu og buðu tóbakið til sölu. Ágóðanum skiptu ákærðu milli sín og vörðu stórum hluta hans til vímuefnakaupa. Þá gáfu ákærðu vinum

og kunningjum allnokkurt magn af tóbaki, en hluti þess komst óskemmdur til skila.

Rósa Dröfn var ákærð fyrir þátt sinn í ætluðu broti í nóvember 1989, og viðurkenndi hún afdráttarlaust aðild sína að málinu. Féll dómur í máli hennar hinn 26. janúar síðastliðinn, og var hún sakfelld fyrir skjalafals.

Ákærði Y hefur viðurkennt aðild sína að framangreindum verknaði og borið, að meðákærði Jónas James hafi átt hugmyndina að honum. Jafnframt hafi meðákærði hringt og pantað tóbakið. Við gerð pöntunarinnar hafi Jónas James stuðst við pöntunarlista og reynt að taka mið af því, hvað eðlilegt væri, að söluturn pantaði af tóbaki. Áður hafi ákærði og Jónas James verið búnir að ákveða að gera pöntunina í nafni söluturnsins Svarta svansins, en ákærði vissi, að eigandi hans hét Auðunn. Jónas James hafi síðan farið á Hagstofuna og fengið frekari upplýsingar um manninn.

Ákærði X hefur einnig viðurkennt aðild sína að verknaðinum og skýrt frá málsatvikum á sama veg og meðákærði Y. Ákærði fullyrti, að meðákærði Jónas James hefði verið upphafsmaður að brotinu, en síðan hefðu ákærðu allir átt jafnan þátt í framkvæmd þess.

Ákærði Jónas James hefur hins vegar neitað allri aðild að skjalafalsi með umræddum tékka og borið, að þátttaka sín í máli þessu einskorðist við það að hafa skýrt meðákærðu frá því, hvernig fremja mætti brotið. Jafnframt hafi hann lagt til umrætt tékkaeyðublað og sagt meðákærða X, hvernig ætti að útfylla það. Eyðublaðið hafi X síðan afhent Rósu Dröfn sama dag og tóbakskaupin fóru fram. Á meðan Rósa Dröfn var inni í afgreiðslu ÁTVR að greiða fyrir tóbakið, hafi ákærðu allir beðið fyrir utan, og báru þeir síðan tóbakið niður á Skúlagötu, en þaðan var það flutt í bifreiðinni H-18 og síðan selt víðs vegar um borgina. Ákærði kvaðst ekki hafa selt neitt tóbak sjálfur, en var viðstaddur nokkrum sinnum, er X bauð tóbak til sölu. Ekki fékk hann neinn ágóða af sölunni, en meðákærðu buðu honum upp á nokkur glös af áfengi. Þá fullyrti ákærði, að X hefði hringt frá bankanum og pantað tóbakið, og við val á tóbakstegundum hefði hann stuðst við lista, sem meðákærði Y hefði útbúið. Ákærði kvaðst hafa verið með X, er hann hringdi og bað X að spyrja, hversu mikið tóbakið kæmi til með að kosta. Ákærði kvað Y hafa átt hugmyndina að því að nota nafn eiganda Svarta svansins við gerð pöntunarinnar, en Y hefði vítað fornafn hans og heimilisfang. Ákærði hafi síðan flett manninum upp í símaskrá og þannig fengið vitneskju um föðurnafn hans. Aðrar upplýsingar hafi ákærðu ekki haft um eigandann.

#### *Niðurstæða.*

Með framburði ákærðu fyrir dómi, sem studdur er öðrum gögnum málsins, þykir sannað, að ákærðu hafi staðið saman að fölsun og sölu umrædds

tékka í félagi við Rósu Dröfn Sigurðardóttur, og varðar sú háttsemi þeirra við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur lagt fram skaðabótakröfu á hendur ákærðu, að fjárhæð kr. 341.413, ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá móttöku tékkans hinn 31. júlí 1989. Ákærðu eru ekki einir um sök í málinu, heldur eiga þeir óskipta sakaraðild með Rósu Dröfn Sigurðardóttur. Ber þegar af þeirri ástæðu að vísa kröfunni frá dómi.

*Sakaferill ákærðu.*

Ákærða Jónasar James:

Samkvæmt sakavottorði ákærða og öðrum upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu, hefur hann tvívegis verið sektaður fyrir ölvun á almannafæri. Þá var ákæru á hendur honum vegna þjófnaðar frestað skilorðsbundið í tvö ár í janúar 1978. Loks hefur ákærði sætt eftirtöldum refsisdómum:

[Ákærði sætti á árabílinu 1978-1988 alls 11 áfallsdómum fyrir þjófnað o.fl. hegningarlagabrot, síðast 29. júní 1990 (4 mánaða fangelsi). Honum hafði 1988 verið veitt reynslulausn af eftirstöðvum refsingar, 120 dögum].

Refsingu ákærða Jónasar James ber einnig að ákvarða með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsingin með vísan til framanritaðs og með hliðsjón af sakaferli ákærða, sbr. 72. gr. hegningarlaga, hæfilega ákveðin sex mánaða fangelsi.

Með vísan til 141. og 142. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, ber að dæma ákærða Jónas James til að greiða verjanda sínum, Indriða Þorkelssyni hdl., krónur 30.000 í málsvarnarlaun, og sömu fjárhæð greiði X verjanda sínum, Þorsteini Einarssyni hdl. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði X sæti fangelsi í þrjá mánuði.

Ákærði Jónas James Ásmundsson sæti fangelsi í sex mánuði.

Ákærði Y sæti fangelsi í fjóra mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og fellur hún niður að liðnum þremur árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Jónas James greiði verjanda sínum, Indriða Þorkelssyni hdl., krónur 30.000 í málsvarnarlaun, og sömu fjárhæð greiði Y verjanda sínum, Þorsteini Einarssyni hdl. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.